

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

97/EES/19/01

Rekstur áætlunarflugs - Útboðsauglýsing frá Noregi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 64. lið a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins), um rekstur áætlunarflugs á flugleiðinni Lakselv - Tromsø 1

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

97/EES/19/02

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.920 - Samsung/AST) 4

97/EES/19/03

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.922 - VIAG/Goldschmidt) 5

97/EES/19/04

Málsmeðferð hafin
(Mál nr. IV/M.877 - Boeing/McDonnell Douglas) 5

97/EES/19/05

Ríkisaðstoð - Mál nr. C 13/97 - Frakkland 6

97/EES/19/06

Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt 6

97/EES/19/07

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir 8

3. Dómstóllinn

97/EES/19/08	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	10
97/EES/19/09	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	12

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Rekstur áætlunarflugs

97/EES/19/01

Útboðsauglýsing frá Noregi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 64. lið a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins), um rekstur áætlunarflugs á flugleiðinni Lakselv - Tromsø

1. INNGANGUR

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa norsk stjórnvöld ákveðið að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi á leiðinni Lakselv - Tromsø frá 1. nóvember 1997, eins og auglýst var í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 136, 1. 5. 1997 og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 18, 1. 5. 1997.

Ef ekkert flugfélag hefur lagt fram skrifleg gögn til samgönguráðuneytisins fyrir 1. september 1997 um að hefja áætlunarflug frá 1. nóvember 1997 í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu, án þess að fara fram á bótageiðslu eða markaðsvernd, munu norsk stjórnvöld ákveða, samkvæmt útboðstillhöguninni sem um getur í d-lið 1. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, að takmarka aðgang að leiðinni við aðeins eitt flugfélag 1. nóvember 1997.

2. MARKMIÐ ÚTBOÐSINS

Að tryggja reglubundna flugþjónustu á leiðinni Lakselv - Tromsø frá 1. nóvember 1997 í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu, eins og auglýst var í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 136, 1. 5. 1997 og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 18, 1. 5. 1997.

3. RÉTTUR TIL AÐ GERA TILBOÐ

Öll flugfélög með gilt rekstrarleyfi útgefið í aðildarríki, samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum, geta gert tilboð.

4. TILBOÐSFYRIRKOMULAG

Þetta útboð skal vera í samræmi við d-, e-, f-, g-, h- og i-lið í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum. Tilboðum sem berast of seint og tilboðum sem eru ekki í samræmi við útboðsauglýsinguna verður hafnað.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að færa sér í nyt síðari samninga ef öll tilboð sem berast eru ófullnægjandi, ef aðeins einn tilboðsgjafi hefur sent inn tilboð áður en fresturinn rennur út eða ef samkeppni er á annan hátt ábótavant. Slíkir samningar skulu vera í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu og án þess að verulegar breytingar séu gerðar á upprunalegum útboðsskilmálum.

Tilboðið er bindandi fyrir tilboðsgjafa þar til tilboði hefur verið tekið.

Tilboði skal tekið með hliðsjón af lægstu heildarbotakröfunni eða, ef í einu eða fleiri tilboðum er krafist minna en 2% hærri bóta en í því lægsta, skal hagkvæmasta tilboði tekið og skal þá einnig tekið mið af fargjalda- og sætaframboði.

5. ÚTBOÐSGÖGN

Öll útboðsgögn, ásamt samningi um framsal opinberrar þjónustu, nákvæmum reglum viðvíkjandi útboðsauglýsingunni (norsk reglugerð um útboð í tengslum við skyldur um opinbera þjónustu vegna framkvæmdar 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92), stöðluðum samningi og kostnaðaráætlun fást að kostnaðarlausu hjá umbjóðanda:

Samferdselsdepartementet
Postboks 8010 Dep
N-0030 OSLO

Sími: + 47 22 24 90 90
Bréfasími: +47 22 24 95 72

6. BÓTAGREIÐSLUR

Innsend tilboð skulu vera í samræmi við kostnaðaráætlunina sem fylgir útboðsgögnum og tiltaka skal skilmerkilega þær bætur í norskum krónum (NOK) sem nauðsynlegar eru til að veita umrædda þjónustu frá því að áætluð starfsemi hefst og til loka samningstímabilsins, sbr. 8. lið í þessari auglýsingu. Tilboðin skulu gerð á grundvelli verðlags fyrir árið sem hefst 1. nóvember 1997 til 31. mars 1999 og skulu sundurliðuð eftir árum.

Nákvæm upphæð bótagreiðslu fyrir árið sem hefst 1. apríl 1999 skal grundvallast á leiðréttingu á tekju- og rekstrarkostnaði í tilboðsáætluninni. Leiðréttingarnar skulu miðast við vísitölu vöru og þjónustu fyrir 12 mánaða tímabilið sem lýkur 15. febrúar 1999, svo sem norska hagstofan gefur út.

Flugfélagið skal halda öllum tekjum sem verða af starfseminni og bera fulla ábyrgð á útgjöldum. Ef mikilvægar og ófyrirsjáanlegar breytingar verða á forsendunum sem liggja til grundvallar staðlaða samningnum er þó unnt að krefjast viðræðna um endurskoðun á honum í samræmi við hann.

7. FARGJÖLD

Í innsendum tilboðum skal tilgreina fyrirhuguð fargjöld og forsendur þeirra. Fargjöldin skulu vera í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu sem voru birtar í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 136, 1. 5. 1997 og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 18, 1. 5. 1997.

8. GILDISTÍMI SAMNINGSINS, BREYTINGAR OG SAMNINGSLOK

Samningurinn gildir frá 1. nóvember 1997 og rennur út eigi síðar en 31. mars árið 2000.

Leiðréttingar á verði sem um getur í 6. lið í þessari auglýsingu og árleg endurskoðun á framkvæmd samningsins skal fara fram í samráði við flugfélagið síðustu tvo mánuðina fyrir daginn sem þjónustan hefst.

Ekki er heimilt að breyta samningnum nema að breytingarnar séu í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu sem voru birtar í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 136, 1. 5. 1997 og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 18, 1. 5. 1997. Allar breytingar á samningnum skulu skráðar í viðbæti við hann.

Flugfélagið getur aðeins sagt samningnum upp með sex mánaða fyrirvara.

9. SAMNINGSBROT/-UPPSÖGN

Ef samningurinn er brotinn á gróflegan hátt er unnt að segja honum upp af öðrum hvorum aðilanum og tekur uppsögnin þegar í stað gildi.

Með hliðsjón af takmörkunum í gjaldþrotalögum, getur samgönguráðuneytið sagt samningnum upp ef flugfélagið kemst í greiðsluþrot, hefur skuldajöfnunarmál eða verður gjaldþrota og tekur uppsögnin þegar í stað gildi. Einnig getur samgönguráðuneytið sagt upp samningnum í öðrum tilvikum sem um er fjallað í 12. gr. í reglugerðinni um útboðstilhögun í tengslum við skyldur um opinbera þjónustu, sem er að finna í útboðsgögnum.

Ef flugfélagið vegna óviðráðanlegra aðstæðna eða á annan hátt er ófært um að uppfylla skyldur um opinbera þjónustu sem kveðið er á um í samningnum í meira en fjóra mánuði á næstliðnum sex mánuðum er heimilt að segja samningnum upp skriflega með eins mánaðar fyrirvara.

Samgönguráðuneytinu er heimilt að segja samningnum upp og tekur uppsögnin þegar í stað gildi, ef flugfélagið missir leyfi sitt eða fær það ekki endurnýjað.

Óháð hugsanlegum skaðabótakröfum, skal óregluleg þjónusta leiða til lækkunar bóta í hlutfalli við flug sem falla niður.

10. TILBOÐSFRESTUR

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku, þar sem pósthimpill gildir sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega gegn kvittun, á eftirfarandi heimilisfang:

Samferdselsdepartementet
Akersgt. 59
Postboks 8010 Dep
N-0030 OSLO

eigi síðar en 6 vikum frá dagsetningu þessarar auglýsingar, kl. 15.00 (að staðartíma).

Öll tilboð skal leggja fram í 3 - þremur - eintökum.

11. GILDI ÚTBOÐSAUGLÝSINGARINNAR

Þessi útboðsauglýsing gildir svo fremi að ekkert EES-flugfélag⁽¹⁾ hafi fyrir 1. september 1997 sótt um leyfi til að starfrækja áætlunarflug með gildistöku frá 1. nóvember 1997 í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu og án þess að óska eftir bótum eða markaðsvernd.

(1) Með „EES-flugfélagi“ er átt við bandalagsflugfélag eða flugfélag með gilt rekstrarleyfi sem gefið er út af EFTA-riki sem aðild á að EES-samningnum í samræmi við gerðina sem um getur í 66. lið b í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum).

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.920 - Samsung/AST)

97/EES/19/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. 4. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Samsung Electronics Co., Ltd óðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir AST Research, Inc. með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Samsung: Rafeindateki, hálfleiðarar og fjarskiptabúnaður,
 - ATS Research: Einkatölvur.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjóð. EB nr. C 135, 30. 4. 1997. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til IV/M.920 - Samsung/AST, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjóð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjóð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.922 - VIAG/Goldschmidt)**

97/EES/19/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. 4. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið VIAG AG öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir fyrirtækinu Th. Goldschmidt AG með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - VIAG: Orkumál, kemísk efni, umbúðir og fjarskiptastarfsemi,
 - Goldschmidt: Kemísk efni, málmvinnsla, logsuða og umhverfistækni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 135, 30. 4. 1997. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til IV/M.922 - VIAG/Goldschmidt, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Málsmeðferð hafin
(Mál nr. IV/M.877 - Boeing/McDonnell Douglas)**

97/EES/19/04

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. 3. 1997 að hefja málsmeðferð í framangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að verulegur vafi leiki á að tilkynnt samfylking samrýmist hinum sameiginlega markaði. Málsmeðferðin leiðir til frekari rannsóknar að því er varðar tilkynnta samfylkingu. Ákvörðunin byggist á c-lið 1. mgr. 6. gr. og 22. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4046/89⁽¹⁾.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samfylkingu á framfæri við sig.

Til að unnt sé að taka mið af athugasemdum verða þær að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 136, 1. 5. 1997. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 236 43 01) eða í pósti, með tilvísun til IV/M.877 - Boeing/McDonnell Douglas, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 13/97
Frakkland

97/EES/19/05

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna styrks sem frönsk stjórnvöld ákváðu að veita til fyrirtækisins Soci  t   Fran  aise de Production (sj   n  nari   tlistun    Stj  t  . EB nr. C 126 fr   23. 4. 1997).

Framkv  mdastj  rnin veitir h  r me   hinum a  ildarr  kjum EES og hagsmunaa  ilum frest til a   koma athugasemdum s  num var  andi   essar r  dstafanir    framf  ri, innan eins m  na  ar fr   birtingu   essarar augl  singar    Stj  t  . EB, vi  :

European Commission
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum ver  ur komi   a   framf  ri vi   Frakkland.

Skr   yfir   kvar  anir og tilskipanir sem framkv  mda-
stj  rnin hefur birt

97/EES/19/06

Framkv  mdastj  rnin hefur birt eftirfarandi   kvar  anir og tilskipanir:

  kv  r  un framkv  mdastj  rnarinnar fr   5. j  n   1996 um   byrg  ir Brandenborgarfylkis vegna fj  rfestingaverkefna    P  llandi (sj   n  nari   tlistun    Stj  t  . EB nr. L 102, 19. 4. 1997)

  kv  r  un framkv  mdastj  rnarinnar fr   5. j  n   1996 um a  sto   sem L   veldi   Austurr  ki   tlar a   veita samkv  mt ERP-  lj    av  dingar  tlaninni (sj   n  nari   tlistun    Stj  t  . EB nr. L 96, 11. 4. 1997)

  kv  r  un framkv  mdastj  rnarinnar fr   5. j  n   1996 um a  sto   sem L   veldi   Austurr  ki   tlar a   veita samkv  mt ERP-  tlaninni um enduruppbyggingu    Austur-Evr  pu (sj   n  nari   tlistun    Stj  t  . EB nr. L 96, 11. 4. 1997)

  kv  r  un framkv  mdastj  rnarinnar fr   18. september 1996 um breytingu      kv  r  un 92/317/EBE um r  kisstyrk til fyrirt  kisins Hilaturas y Tejidos Andaluces S.A., sem n   heitir Mediterr  neo T  cnica Textil S.A., og kaupenda   ss (sj   n  nari   tlistun    Stj  t  . EB nr. L 96, 11. 4. 1997)

  kv  r  un framkv  mdastj  rnarinnar fr   22. okt  ber 1996 um skatta  vilnunarkerfi sem   tal  a kom    tengslum vi   v  ruflutninga    vegum (sj   n  nari   tlistun    Stj  t  . EB nr. L 96, 11. 4. 1997)

  kv  r  un framkv  mdastj  rnarinnar fr   20. n  vember 1996 um yfirl  singu um a   samfylking samr  mist ekki hinum sameiginlega markaði (M  l nr. IV/M.784 - Kesko/Tuko) (sj   n  nari   tlistun    Stj  t  . EB nr. L 110, 26. 4. 1997)

  kv  r  un framkv  mdastj  rnarinnar fr   18. desember 1996 um a  sto   vegna lokunar fyrirt  kja sem   tal  a   tlar a   veita    tengslum vi   endurskipulagningu    einkareknum st  li  na  i (sj   n  nari   tlistun    Stj  t  . EB nr. L 102, 19. 4. 1997)

  kv  r  un framkv  mdastj  rnarinnar fr   18. desember 1996 - KSE - Forges de Clabecq (sj   n  nari   tlistun    Stj  t  . EB nr. L 106, 24. 4. 1997)

  kv  r  un framkv  mdastj  rnarinnar fr   25. mars 1997 um vi  urkenningu      v   a   m  lsg  gnin sem l  g   voru fram til   tarlegra ranns  knar,      v   skyni a   fella Pseudomonas Chlororaphis inn    I. vi  auka vi   tilskipun r   sins 91/414/EBE um markaðssetningu pl  ntuvarnarefna, s  u    grundvallaratri  um fulln  gjandi (sj   n  nari   tlistun    Stj  t  . EB nr. L 98, 15. 4. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. mars 1997 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/452/EBE um gerð skráa yfir starfshópa sem annast töku fósturvísa og eru viðurkenndir í þriðju löndum til að flytja nautgripafósturvísa út til bandalagsins (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. L 98, 15. 4. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. mars 1997 um bráðabirgðalista yfir mjólkurstöðvar í þriðju löndum sem aðildarríkin heimila innflutning frá á mjólk og mjólkurvörum til neyslu (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. L 101, 18. 4. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. mars 1997 um viðurkenningu á áætlun um útrýmingu smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum í Austurríki (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. L 98, 15. 4. 1997)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/15/EB frá 25. mars 1997 um viðurkenningu á stöðlum Evrópustofnunarinnar um flugumferðaröryggi og um breytingu á tilskipun ráðsins 93/65/EBE um skilgreiningu og notkun samhæfðra tækniforskrifta vegna kaupa á búnaði og kerfum fyrir flugumferðarþjónustu (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. L 95, 10. 4. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. mars 1997 um tilteknar verndarráðstafanir vegna svínapestar í Hollandi og um niðurfellingu á ákvörðun 97/122/EB (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. L 87, 2. 4. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. apríl 1997 um niðurfellingu á ákvörðun 96/662/EB um tilteknar verndarráðstafanir vegna niðursoðins túnfisks frá Fflabeisströndinni (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. L 104, 22. 4. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. apríl 1997 um tímabundna niðurfellingu á viðurkenningu um að Írland sé laust við Newcastle-veiki (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. L 104, 22. 4. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. apríl 1997 um tímabundna niðurfellingu á viðurkenningu um að Breska konungsríkið sé laust við Newcastle-veiki (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. L 104, 22. 4. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. apríl 1997 um verndarráðstafanir vegna fiskafurða sem upprunnar eru í Kenýa (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. L 108, 25. 4. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. apríl 1997 um verndarráðstafanir vegna fiskafurða sem upprunnar eru í Úganda (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. L 108, 25. 4. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. apríl 1997 um verndarráðstafanir vegna fiskafurða sem upprunnar eru í Tansaníu (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. L 108, 25. 4. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. apríl 1997 um breytingu á ákvörðun 93/25/EB um viðurkenningu á ákveðnum aðferðum til að hindra myndun sýkla í lifandi samlokum (tvískelja lindýrum) og sæsniglum (93/25/EBE) (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. L 108, 25. 4. 1997)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. apríl 1997 um tilnefningu fulltrúa í ráðgjafarnefndina um opinber innkaup (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 119, 17. 4. 1997)

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

97/EES/19/07

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtúð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtúð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtúð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
97-0088-A	FTV 505: Fjarskiptaforskrift fyrir lágafslradíóbúnað (LPD) til notkunar á samræmdum tíðnisviðum	28.5.1997
97-0089-A	FTV 475: Fjarskiptaforskrift fyrir radíó-endurvarpsbúnað fyrir tíðnisviðið 21,2 GHz -23,6 GHz	28.5.1997
97-0090-A	FTV 464: Fjarskiptaforskrift fyrir stafrænan radíóendurvarpsbúnað fyrir tíðnisviðið 1,5 GHz	28.5.1997
97-0091-A	FTV 502: Fjarskiptaforskrift fyrir staðbundin fjarskiptanet (RLAN) fyrir tíðnisviðið 2,4000 GHz - 2,4835 GHz	28.5.1997
97-0092-A	FTV 253: Fjarskiptaforskrift fyrir endabúnað með V.35-tengisniði	28.5.1997
97-0093-A	FTV 506: Fjarskiptaforskrift fyrir VHF-fjarskiptasenda	28.5.1997
97-0094-A	FTV 563: Fjarskiptaforskrift fyrir radíófjarstýringar- og mælibúnað sem óheimilt er að nota á iðnaðartíðni	28.5.1997
97-0095-A	FTV 592: Fjarskiptaforskrift fyrir CB- radíóbúnað fyrir tíðnisviðið 26,960 - 27,410 MHz	28.5.1997
97-0096-A	FTV 523: Fjarskiptaforskrift fyrir radíóeftirlitsbúnað sem starfar á iðnaðartíðnisviðum og tíðnisviðinu 35 MHz	28.5.1997
97-0097-A	FTV 252: Fjarskiptaforskrift fyrir endabúnað til tengingar við X.21-tengisnið	28.5.1997
97-0098-A	FTV 558: Fjarskiptaforskrift fyrir einstefnutalstöðvar	28.5.1997
97-0099-A	FTV 524: Fjarskiptaforskrift fyrir hliðrænan talstöðvarbúnað með loftnetsambandi fyrir fasta-fjarskiptaþjónustuna og farstöðvafjarskiptaþjónustuna	28.5.1997
97-0100-A	FTV 254: Fjarskiptaforskrift fyrir endabúnað til tengingar við V.36-tengisnið B	28.5.1997
97-0101-A	FTV 251: Fjarskiptaforskrift fyrir endabúnað til tengingar við V.24- tengisnið	28.5.1997
97-0102-A	FTV 535: Fjarskiptaforskrift fyrir boðtæki (persónuleit, móttaka, boð um að hringja til baka)	28.5.1997
97-0105-UK	Starfsreglur fyrir seljendur plöntuvarnarefna til jarðræktar, akuryrkju og skógræktar	27.5.1997
97-0106-A	FTV 574: Fjarskiptaforskrift fyrir gagnafjarskipta-búnað með innbyggð loftnet fyrir landfarstöðvarþjónustuna	28.5.1997

(¹) Ár – skráningarnúmer – upprunaáildarríki.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
97-0107-A	FTV 564: Fjarskiptaforskrift fyrir hliðrænar talstöðvar með innbyggð loftnet fyrir landfarstöðvarþjónustuna	28.5.1997
97-0108-A	FTV 554: Fjarskiptaforskrift fyrir gagnafjarskiptabúnað með innbyggð loftnet fyrir fastasambandsþjónustuna og landfarstöðvarþjónustuna	28.5.1997
97-0109-A	Lög um breytingu á lögum um byggingareftirlit, lögum í Salzburg um lyftur, varðveislu gamla borgarhlutans (lög frá 1980) og lögum um varðveislu sérstakra svæða (lög um endurskoðun á byggingarreglugerðum - BauRefG 1996)	23.6.1997
97-0110-E	Drög að ráðuneytistilmælum um breytingu á reglugerðum um kerfi og tengingar fyrir loftkennt eldsneyti	2.6.1997
97-0111-E	Konunglegur úrskurður um breytingu á tæknilegri heilbrigðisreglugerð um framleiðslu, geymslu, flutning og sölu á kaffi, sem var samþykkt með konunglegum úrskurði 1231/1988 frá 14. október	2.6.1997
97-0117-NL	Fyrirmæli um undanþágu frá reglugerð um skilagjald fyrir flöskur	(⁵)
97-0118-I	Ráðuneytisúrskurður um aðgerðir varðandi markaðssetningu og klínískar rannsóknir á meðulum sem upprunnin eru úr nautum	(³)
97-0119-UK	Reglugerðir um afurðir af nautgripum (framleiðsla og sendingar) (Norður-Írland) 1997	(³)
97-0124-B	Drög að konunglegum úrskurði um að banna viðskipti með matvæli sem innihalda hluti	(³)
97-0125-UK	Fyrirmæli um sérhæð efni sem unnin eru úr nautgripum 1997	(³)
(³)(⁴)(⁵)		

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drög til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

(¹) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(²) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(³) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(⁴) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

(⁵) Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

97/EES/19/08

Dómur dómstólsins frá 27. febrúar 1997 í máli C-59/95 (beiðni um forúrskurð frá Sozialgericht Nürnberg): Francisco Bastos Moriana o.fl. gegn Bundesanstalt für Arbeit (almannatryggingar fyrir farandlaunþega - bætur til barna í umsjón lífeyrisþega og til munaðarlausra barna).

Dómur dómstólsins frá 11. mars 1997 í máli C-13/95 (beiðni um forúrskurð frá Arbeitsgericht, Bonn): Ayse Süzen gegn Zehnacker Gebäudereinigung GmbH Krankenhausservice; aðili að málinu: Lefarth GmbH (vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum).

Dómur dómstólsins frá 11. mars 1997 í máli C-264/95 P: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Union Internationale des Chemins de Fer (UIC) (áfrýjun - samkeppni - flutningar með járnbrautum - lagastoð ákvörðunar - reglugerð nr. 1017/68 - gildissvið).

Dómur dómstólsins frá 11. mars 1997 í máli C-357/95 P: Empresa Nacional de Urânio SA (ENU) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (áfrýjun - Kjarnorkubandalag Evrópu - birgðir - kaupréttur og einkaréttur birgðastofnunar Kjarnorkubandalagsins til að gera samninga um kaup á málmum, grunnefnum og kleyfum efnum - brot á reglum sáttmálans - sérrettindi bandalagsins - meginreglurnar um góða trú og lögmætar væntingar - ósamningsbundin ábyrgð).

Dómur dómstólsins (önnur deild) frá 13. mars 1997 í máli C-109/95 (beiðni um forúrskurð frá Polimeles Protodikio, Aþenu): Astir AE gegn gríska ríkinu (endurgreiðsla á útflutningsgjöldum á landbúnaðarvörur - vörumissir í umflutningi vegna óviðráðanlegra ástæðna - mismunandi endurgreiðslur).

Úrskurður dómstólsins (önnur deild) frá 5. febrúar 1997 í máli C-51/95 P: Unifruit Hellas EPE gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (áfrýjun - ósamningsbundin ábyrgð - sérstakar eftirlitsaðgerðir vegna innflutnings á eplum - útjöfnunargjöld - samtíma álagning - vörur í umflutningi til bandalagsins - meginreglan um lögmætar væntingar).

Mál C-65/97: Mál höfðað þann 14. febrúar 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Cascina Laura SAS di Arch. Aldo Delbò e C. og Gariboldi Engineering Company SRL.

Mál C-69/97: Mál höfðað þann 18. febrúar 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn SNUA Srl (Servizi Netezza Urbana ed Affini).

Mál C-70/97 P: Áfrýjað var þann 18. febrúar 1997 af Kruidvat BVBA dómi uppkveðnum þann 12. desember 1996 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi í máli T-87/92 milli Kruidvat BVBA og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, með stuðningi Parfums Givenchy SA, Comité de Liaison des Syndicats Européens de l'Industrie de la Parfumerie et des Cosmétiques og Fédération Européenne des Parfumeurs Détaillants.

Mál C-73/97 P: Áfrýjað var þann 20. febrúar 1997 af Lýðveldinu Frakklandi dómi uppkveðnum þann 11. desember 1996 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fjórða deild) í máli T-70/94 milli Comafrica SpA og Dole Fresh Fruit Europe Ltd & Co. og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, með stuðningi Breska konungsríkisins.

Mál C-74/97: Beiðni um forúrskurð frá Juzgado de lo Social No 1, Pontevedra, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 28. janúar 1997 í máli Mercedes Gómez Montaña gegn Claro Sol S.A. og Red Nacional de Ferrocarriles Españoles (RENFE).

(¹) Sjá Stjttíð. EB nr. C 131, 26. 4. 1997.

Mál C-75/97: Mál höfðað þann 19. febrúar 1997 af Konungsríkinu Belgíu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-79/97: Beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht München samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 5. desember 1996 í máli Happy Sports Michl OHG gegn Finanzamt Landshut.

Mál C-81/97: Mál höfðað þann 25. febrúar 1997 af MD Foods Amba og Danske Mejeriers Fællesorganisation fyrir hönd Kløvermælk Amba, Løgismose Produktion A/S, Mejeriselskabet Vesthimmerland, Nordex Food A/S, Sinai Landmejeri, c/o Gunnar Larsen, og Sædager Andelsmejeri gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-84/97: Beiðni um forúrskurð frá Corte d'Appello di Torino - Sezione I Civile, samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 31. janúar 1997 í máli Amministrazione delle Finanze dello Stato gegn Grafoplast Italiana Spa, í eigin nafni og sem réttararftaki Grafoplast Italiana Srl og Trasp. Srl.

Mál C-85/97: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Première Instance, Liège, fimmta deild, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 24. febrúar 1997 í máli Société Financière d'Investissements SPRL (SFI) gegn belgíska ríkinu.

Mál C-86/97: Beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 26. nóvember 1996 í máli Reiner Woltmann, sem rekur fyrirtæki undir heitinu Firma Trans-Ex-Import, gegn Hauptzollamt Potsdam.

Mál C-87/97: Beiðni um forúrskurð frá Handelsgericht Wien samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 18. júlí 1996 í máli Consorzio per la Tutela del Formaggio Gorgonzola gegn 1) Käserei Champignon Hofmeister GmbH & Co. KG og 2) Eduard Bracharz Gesellschaft m.b.H.

Mál C-90/97: Beiðni um forúrskurð frá Social Security Commissioner samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 25. febrúar 1997 í máli Robin Swaddling gegn Adjudication Officer.

Mál C-91/97: Beiðni um forúrskurð frá Bundessozialgericht samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 12. desember 1996 í máli Arif Altiney gegn Bundesanstalt für Arbeit.

Mál C-93/97: Beiðni um forúrskurð frá Cour d'Arbitrage, Belgíu, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 19. febrúar 1997 í máli sem hafið var af Fédération Belge des Chambres Syndicales de Médecins varðandi ógildingu á 2. mgr. 4. gr. úrskurðar flæmska samfélagsins frá 5. apríl 1995.

Mál C-94/97: Beiðni um forúrskurð frá VAT and Duties Tribunal samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 26. febrúar 1997 í máli T.P. Madgett og R.M. Baldwin, sem rekur fyrirtæki undir heitinu Howden Court Hotel, gegn Commissioners of Customs and Excise.

Mál C-96/97: Mál höfðað þann 6. mars 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-97/97: Beiðni um forúrskurð frá Retten i Århus samkvæmt bréfi frá 5. mars 1997 í máli Elly Bach gegn Århus Amtskommune.

Mál C-99/97: Beiðni um forúrskurð frá Oberlandesgericht Wien samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 28. febrúar 1997 í máli Verein zur Förderung des freien Wettbewerbs im Medienwesen gegn TV Spielfilm Verlag Gesellschaft mbH.

Mál C-100/97: Mál höfðað þann 7. mars 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg.

Mál C-29/96 tekið af málaskrá: (beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice in Northern Ireland, Queen's Bench Division): Norbrook Laboratories Ltd gegn Ministry of Agriculture, Fisheries and Food.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 97/EES/19/09

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 19. mars 1997 í máli T-73/95: Estabelecimentos Isidoro M. Oliveira, SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (stefna í félagsmálum - Félagsmálasjóður Evrópu - styrkur vegna starfsþjálfunar - ný ákvörðun í kjölfar uppkveðins dóms dómstólsins - réttarvissa - lögmatar væntingar - bann við *reformatio in pejus* - hæfilegur frestur).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 5. mars 1997 í máli T-105/95: WWF UK (World Wide Fund for Nature) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (gagnsæi - aðgangur að upplýsingum - ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/90/EB um almennan aðgang að skjölum bandalagsins - ákvörðun um að synja um aðgang að skjölum á þeirri forsendu að þau varði rannsókn framkvæmdastjórnarinnar á hugsanlegu broti aðildarríkis á lögum bandalagsins - undanþága er varðar almenna hagsmuni og hagsmuni stofnunarinnar sem felast í að trúnaðar sé gætt við málsmeðferð - skylda til rökstuðnings).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 27. febrúar 1997 í máli T-106/95: Fédération Française des Sociétés d'Assurances (FFSA) o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ríkisaðstoð - opinbert fyrirtæki - samþætt beiting 92. gr. og 2. mgr. 90. gr. EB-sáttmálans - viðbótarkostnaður vegna sérstakra verkefna sem úthlutað var til opinbers fyrirtækis - samkeppni).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 30. janúar 1997 í máli T-117/95: Corman gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (málshöfðun til ógildingar - reglugerðir (EBE) nr. 570/88 og (EB) nr. 455/95 - aðstoð vegna smjör til notkunar við framleiðslu á tilteknum vörutegundum - skilgreining á smjöri - skilgreining á millivöru - lagalegir hagsmunir við málshöfðun - máli vísað frá).

Mál T-22/97: Mál höfðað þann 31. janúar 1997 af Kesko Oy gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-23/97: Mál höfðað þann 3. febrúar 1997 af AEVP - Associação das Empresas de Vinho do Porto gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-24/97: Mál höfðað þann 4. febrúar 1997 af Coopérative d'Élevage de la Vendée, de l'Anjou et du Poitou (CEVAP) og Coopérative Agricole d'Éleveurs de Veaux du Bocage (CEVB) gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-37/97: Mál höfðað þann 25. febrúar 1997 af hlutafélaginu Forges de Clabecq gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-39/97: Mál höfðað þann 27. febrúar 1997 af T. Port GmbH & Co. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-40/97: Mál höfðað þann 27. febrúar 1997 af Pearle B.V., Hans Prijsoptiek Franchise B.V., Van der Wiel B.V., Prins Brillen B.V., Brilservice B.V. og Optical Retail Group B.V. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Úrskurður dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 6. febrúar 1997 í máli T-64/96: Filippo de Jorio gegn ráði Evrópusambandsins (bætur til nefndarmanna í efnahags- og félagsmálanefndinni - málshöfðun til ógildingar - málshöfðun vegna yfirlýsingar um aðgerðarleysi - máli vísað frá).

Úrskurður dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 20. febrúar 1997 í máli T-139/96: MD Foods Amba o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (afsal dómsvalds).

Fyrirmæli forseta dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 17. desember 1996 í máli T-164/96 R: Moccia Irme SpA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (KSE - ríkisaðstoð - ákvörðun um að synja um ríkisaðstoð við stálfyrirtæki - tímabundin stöðvun aðgerða - nauðsynlegar bráðabirgðaaðgerðir - beiðni um bráðabirgðaaðgerðir - beiðni hafnað).

(¹) Sjá Stjótt. EB nr. C 131, 26. 4. 1997.

Mál T-137/96 tekið af málaskrá: Valio Oy gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-77/93 o.fl. tekin af málaskrá: Werner Hülsberg o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Sameinuð mál T-366/94 o.fl. tekin að hluta af málaskrá: Hilde Diekmeier o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna - Mál T-20/95 tekið af málaskrá.

Mál T-199/95 tekið af málaskrá: Nouveau Garage SA o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.